

Alþingi – nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2018

Efni: Umsögn Stangaveiðifélags Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl. – 457. Mál)

1. Inngangur

Stangaveiðifélag Reykjavíkur (hér eftir SVFR) er ekki einn þeirra aðila sem fékk senda umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp. Vekur það raunar furðu þar sem SVFR er stærsta stangaveiðifélag á Íslandi með um 2600 félagsmenn. SVFR hefur ávallt lagst gegn sjókvíaldi við Íslandsstrendur enda sýna bæði rannsóknir sem og reynsla annarra þjóða sem stunda laxeldi í opnum sjókvíum að ýmsir smitsjúkdómar, sníkjudýr og slyasleppingar munu óhjákvæmilega skaða lífríki í ám og vötnum hér á landi. Er váin raunar meiri hér á landi þar sem heimilað hefur verið sjókvíaldi á kynbættum laxi af norskum uppruna, einfaldlega vegna þess að norskur laxinn er erfðafræðilega frábrugðinn íslenskum laxastofnum og erfðamengunin, sem er óhjákvæmileg, dregur úr hæfni villta laxins til að lifa af, fjölga sér, skemmir aðlögunarhæfni og eyðileggur ratvísina. Hin óhjákvæmilega genablöndun eldislaxs af norskum stofni við villtan lax mun valda óbætanlegu tjóni. Því er mikilvægt að vandað sé til verka og að skammtíma pólitískir hagsmunir verði ekki látnir ráða för. Að mati SVFR hefði verið mun eðlilegra að samin yrði ný heildarlöggjöf um fiskeldi, standi vilji Alþingis virkilega að skapa sátt um þessi mál og gæta að náttúruverndarsjónarmiðum.

SVFR leggur mikla áherslu á að náttúran verði látin njóta vafans, enda ógnar sjókvíaldið ekki einvörðungu hinum villtu laxastofnum heldur ennfremur hinu viðkvæma lífríki í heild sinni. Margs konar mengun fylgir sjókvíaldinu sem getur valdið skaða á fuglalífi. Það er vitað mál að laxeldi fylgir grútur og önnur mengun, sem gæti leitt til fugladauða, ekki aðeins unga heldur einnig fullorðinna fugla. Grútur og olía gæti borist og sest í fjörur landeigenda og valdið búsifjum. Auðveldara gæti orðið fyrir farfugla að ná í fæðu á svæðinu sökum þess hve mikið af fóðri fer út í hinar opnu eldiskvíar. Þetta gæti leitt til þess að farfuglar myndu breyta farmynstri sínu og þar af leiðandi setja vistkerfið enn meira úr jafnvægi. Mikið er t.a.m. um æðarvarp á Vestfjörðum og mörg hver þeirra friðlýst með lögum. Sem dæmi eru sex varin æðavörp í Dýrafirði einum. Ekki ber aðeins að vernda æðarfulglinn sökum náttúruverndargildis, heldur eru mikil verðmæti fólgin í æðardúni. Á Vestfjörðum er æðarfugl og æðarrækt í öllum fjörðum og því full ástæða til að hafa áhyggjur af áhrifum sjókvíaldis sem gæti stefnt tekju- og atvinnumöguleikum fjólda einstaklinga í voða.

SVFR telur að frumvarp það sem nú liggur fyrir séu ekki nægilega ígrundað og leggst því gegn frumvarpinu í núverandi mynd. Þá liggur það enn fremur fyrir að ekki hafa verið gerðar nægilegar rannsóknir á lífríkinu, og landeigendur eða aðrir sem hafa beina og óbeina hagsmuni af að vistkerfinu verði ekki raskað, hafa ekki verið nægjanlega upplýstir til að geta varið hagsmuni sína. T.a.m. liggur ekkert fyrir um að rannsökuð hafi verið áhrif sjókvíaeldis á uppeldisstöðvar nytjastofna t.a.m. þorsks inni á fjörðum þar sem sjókvíaeldið er stundað eða eftir atvikum skeldýra.

Þá vantar alveg í frumvarpsdrögin umfjöllun um úrgangsmengun sjókvíaeldis, en fyrir liggur að 10.000 tonna sjókvíaeldi skilar árlega um 5.000 tonnum af saur og fódurleifum í vistkerfi hafsins. Í þessu sambandi má m.a. vísa til ákvæða laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda m.a. 1. gr., i-liðs og k-liðs 6. gr., 16. gr. og 18. gr. Enn fremur vísast til reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun m.a. gr. 7.4. og 15. gr.

Leyfir SVFR sér því, í ljósi alvarleika málsins að fara yfir nokkra þætti í umsögn þessari sem óskað er eftir að atvinnuveganefnd kynni sér sérstaklega áður en lengra er haldið. Þá áréttar SVFR að í 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er sérstaklega tekið fram að öllum sé skylt að ganga vel um náttúr landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. SVFR telur að mikið vanti uppá að farið sé eftir þessari aðgæsluskyldu og því mikilvægt að tryggt sé að nákvæmar úttektir og rannsóknir fari fram á viðkomandi vistkerfum og að óháðir rannsóknaraðilar verði fengnir til að framkvæma slíkar rannsóknir.

Hins vegar bendir SVFR á að laxeldi í kerjum á landi eða annars konar lokuðum kerfum er hvergi nærri eins skaðlegt umhverfinu og sjókvíaeldi.

2. Reynsla annarra þjóða af opnu sjókvíaeldi – áskorun um rannsókn

Sjókvíaeldi er mengandi iðnaður og öll þau ríki sem hafa heimilað slíkan iðnað hafa kynnst því af eigin raun hve alvarlegar afleiðingar það hefur haft í för með sér fyrir vistkerfi hafsins og náttúruvernd. Má í þessu sambandi m.a. vísa til reynslu þeirrar er liggur fyrir í Chile, Bandaríkjunum, Skotlandi, Írlandi og Noregi svo fáein dæmi séu nefnd. Raunar virðist sem svo, sem þarf í raun ekki að koma á óvart, að fiskeldi í opnum sjávarkvíum sé hvergi unnt að stunda með umhverfisvænum og sjálfbærum hætti í sátt við náttúruna.

Þar sem Norðmenn hafa verið í fararbroddi í sjókvíaeldinu og þeirrar staðreyndar að sá laxastofn sem syndir nú í kvíum á Íslandi er af norskum stofni, sem og með hliðsjón af eignarhaldi á fyrirtækjum þeim sem nú eru starfandi, er óhjákvæmilegt að horfa sérstaklega til stöðu þessara mála í Noregi. Raunar skorar SVFR sérstaklega á Alþingi að kynna sér stöðuna þar í landi með hliðsjón af náttúruverndarsjónarmiðum.

Í ágústmánuði á sl. ári var t.a.m. gefin út skýrsla sérstakrar vísindanefndar um ástand villts lax í Noregi. Skýrsluhöfundar voru 13 vísindamenn frá sjö stofnunum og háskólum í Noregi, sem unnu skýrsluna á vegum norskra umhverfisyrivalda. Verkefni þeirra var að meta ástand

laxastofnanna og þær ógnir sem að þeim stafa, birta ráðgjöf um veiði á vísindalegum grunni og annað sem kemur að notum við umgengni við þá. Er það niðurstaða skýrslunnar að mikil ógn steðji að norskum villtum laxastofnum og allar helstu ástæður hennar verða raktar til laxeldis í sjókvíum. Erfðablöndun er þegar orðin útbreidd og mikil.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að slysasleppingar frá sjókvíaeldi á laxi sé langstærsta ógnin við villtu laxastofnana í Noregi enda hefur erfðablöndun í hrygningu villtra laxa og eldislax verið staðfest í fjölda áa. Erfðabreytingarnar sem raktar eru til hennar munu nær örugglega ekki ganga til baka, segir þar einnig og er vísað í fjölda rannsókna þar sem fullyrt er að afkvæmi villtra laxa og eldislaxa séu síður líklegir til að spjara sig í villtri náttúru og tíni því tölunni í hafinu. Laxalús er talin önnur helsta ógnin við laxastofnana og var staðfest að áhrif hennar ná til laxastofna um allan Noreg, s.s. bæði til þeirra áa sem eru í námunda við eldisstöðvar og þeirra sem eru í mörg hundruð kílómetra fjárlægð frá slíku eldi. Einn af hverjum tíu villtum löxum í Noregi eru taldir hafa tapast árlega á tímabilinu 2010 til 2014 – eða um 50.000 laxar árlega. Af öðrum sýkingum frá laxeldi í sjókvíum er jafnframt talin ógn við villta laxinn. Þá sýni rannsóknir enn fremur að tvisvar til fjórum sinnum fleiri laxar séu líklegir að hafa sloppið en tilkynnt er um.

En erfðablöndunin er helsta áhyggjuefnið, segja skýrsluhöfundar. Hún er orðin veruleg og mjög mikil víða. Niðurstaða vísindanefndarinnar er því sú að laxastofnar í 115 laxveiðiám af þeim 175 sem voru rannsakaðar sé þegar erfðablandaður við eldisfisk að meira eða minna leyti. Í þessu sambandi má hafa í huga að norska strandlengjan er sú næst lengsta í heimi.

Framtíðarsýn sú er virðist þó blasa við laxeldi er raunar sú að eldið verði fært í lokuð kerfi, bæði í Noregi sem og annars staðar, sbr. m.a. skýrsla frá Norsk Industri og Marine Harvest. Norðmenn hafa nú í nokkur ár ekki gefið út ný leyfi til sjókvíaeldis, einmitt vegna þessa skelfilega ástands sem því miður er komið til að vera í norskum laxveiðiám. Skýtur það því skökku við að ekki sé gert ráð fyrir slíku fyrirkomulagi í núverandi frumvarpsdrögum. Með hliðsjón af framangreindu að norsk fiskeldisfyrirtæki eru farin að gera sig gildandi á Íslandi.

Þá má vekja athygli á því að í marsmánuði sl. var t.a.m. samþykkt bann við eldi á Atlantshafslaxi í sjókvíum í Washingtonríki, auk þess sem dómstólar í Svíþjóð og Alaska hafa bannað fiskeldi í opnum sjókvíum vegna slæmra umhverfisáhrifa vegna slíks eldis. Í Skotlandi var nýlega settur á fót starfshópur til að fara yfir áhrif fiskeldisiðnaðarins á umhverfisþætti, m.a. vegna hnignunar skoska laxastofnsins.

3. Stjórnskipuleg álitamál – hugsanleg skaðabótaábyrgð íslenska ríkisins

Það er fyrirséð að ýmisleg stjórnskipuleg álitamál munu koma upp í tengslum við sjókvíaeldi, t.a.m. einstaklingsbundin afnot hafsins til sjókvíaeldis utan netlaga og innan landhelgi sem og hvort meirihlutaeign erlendra aðila í eldisfyrirtækjum sé í samræmi við stjórnskipunarlög sem og gildandi lög um aðgengi að notkun sjávar í íslenskri landhelgi.

Tekjur af nýtingu íslenskra fallvatna með laxastofnum eru mikilvægur þáttur í að byggð geti haldist í samfélögum sem eiga undir högg að sækja samfara hnignun hefðbundinna

landbúnaðargreina. Það eru rúmlega 1800 lögbýli sem hafa tekjur af lax- og silungsveiðihlunnindum. Efnhagsleg velta af þessum náttúrunytjum, miðað við grunn frá Hagfræðideild HÍ er um 15-20 milljarðar á ári og skapa um 1200 ársstörf. Skráðir eigendur lögbýlanna eru um 5000 talsins og nýtur ríkissjóður þessa í skatttekjum. Eignarrétturinn er friðhelgur og er raunveruleg hættu á því, m.a. hliðsjón af þeirri reynslu sem nú liggur fyrir af sjókvíaeldi annarra þjóða, að sjókvíaeldið muni hafa verulega neikvæð áhrif á veiðihlunnindi landeiganda og verðmæti jarða og valda þannig stórkostlegu tjóni. Það að halda því fram að annað verði uppá teningnum á Íslandi að því er varðar umhverfisskaða, en alls staðar annars staðar í heiminum, er vonlaus óskhyggja þrátt fyrir að í frumvarpinu komi fram að eitt af markmiðum frumvarpsins sé að byggja fiskeldi upp í „sátt við umhverfið“. Slíkri „sátt“ er aldrei unnt að ná með því að heimila aukið eldi í opnum sjókvíum.

Fyrir liggur að þingmönnum má vera það ljóst að mikil hættu er á umhverfisspjöllum í tengslum við sjókvíaeldi aukheldur sem slík iðngrein hefur einkennst af tíðum gjaldþrotaskiptum rekstraraðila, að þá muni það aldrei ganga upp að fjárhagstjónið muni liggja óbætt hjá garði. Gjaldþrotaskipti á fiskeldisfyrirtækjum hefur raunar verið regla en ekki undantekning. Því vekur það furðu að ekki sé ráðgert að þau fyrirtæki sem stunda sjókvíaeldi sé ekki gert að kaupa umhverfistryggingu til viðbótar núverandi skyldutryggingu til að hreinsa upp kvíar og tækjabúnað verði fyrirtækið tekið til gjaldþrotaskipta.

4. Um 4% innblöndun, sbr. 7. gr. frumvarpsdraga.

Affarasælast væri að einvörðungu væri heimilt að gefin yrðu út leyfi fyrir umhverfisvænu eldi, þ.e. eldi í lokuðu kerfi á landi og að í byrjuðu eldi yrði hinum frjóa laxi skipt út fyrir ófrjóan. Unnt væri að gefa nokkurra ára aðlögunartíma til að leggja alfarið af opið sjókvíaeldi.

Þá stingur það einnig skökku við að hér á landi hafi verið heimilað að notast við framandi laxastofn í sjókvíaeldi, því slíkt er t.a.m. bannað í Noregi. Því leggst SVFR gegn því að áhættumat Hafrannsóknarstofnunar er hefur sett það sem ásættanlegt viðmið að allt að 4% innblöndun eldisfisks í stofn villtra laxfiska. Krafa SVFR, sem og raunar allra þeirra er vilja að náttúaran njóti vafans, er sú að innblöndunin verði engin.

Í þessu sambandi má ennfremur benda á að erfðanefnd landbúnaðarins hefur opinberlega lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu íslenskra laxastofna vegna mögulegra áhrifa laxeldis í sjókvíum með stofni af erlendum uppruna, m.a. með hliðsjón af almennri stöðu þekkingar um áhrif eldislaxa á villta laxastofna og varúðarreglu náttúruverndarlaga, sbr. 9. gr. laga nr. 60/2013. Þannig hefur nefndin lagst gegn notkun á frjóum, norskum eldislaxi í sjókvíaeldi við Íslandsstrendur þar sem það geti valdið óafturkræfum breytingum á erfðasamsetningu íslenskra laxastofna með ófyrirséðum afleiðingum, enda samrýmist sú stefna ekki markmiðum laga um fiskeldi og náttúruvernd, sem og samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem leggur áherslu á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þ.m.t. þeirra erfðaaudlinda sem lífríkið býr yfir. Ráðleggingar nefndarinnar til stjórnvalda voru einnig á þá leið að: „*Nefndin ráðleggur stjórnvöldum að koma í veg fyrir alla frekari útgáfu leyfa til sjókvíaeldis á laxi, þar með talið þá tugi þúsunda tonna sem komin eru í formleg umsóknarferli.*“ Hvergi er þó vikið að ráðleggingum nefndarinnar í frumvarpsdrögunum og er nefndin þó skipuð helstu

erfðafræðingum og líffræðingum landsins og hefur það hlutverk að veita ráðgjöf til hagsmunaaðila og stjórnvalda um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði, en þar falla m.a. undir ferskvatnsfiskar.

Þá vísar SVFR jafnframt til 8. gr. framangreindra laga um náttúruvernd sem kveður á um að ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda. Í 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er að finna svonefnda rannsóknarreglu, sem leggur þá kvöð á stjórnvald að því sé skylt að mál séu nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Má því fullyrða að skylt sé að nauðsynlegt sé að rannsaka alla þá þætti er snúa að áhrifum laxeldis í opnum sjókvíum og að þær rannsóknir verði gerðar af óvilhöllum vísindamönnum.

Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að þó laxeldi sé einvörðungu staðsett fyrir Vestfjörðum og á Austurlandi þá eru allar laxveiðiár landsins í hættu. Norskar rannsóknir hafa líka sýnt að strokulaxar hafa ferðast í allt 2000 km áður en hann hefur gengið upp í ár. Hér má t.a.m. taka ána Tista í Noregi sem dæmi en hún er í um 500 km fjarlægð frá næstu eldisstöð en er samt sem áður uppfull af eldislaxi. Aukinheldur hefur það komið fram í yfirlýsingu vísindamanna Hafrannsóknastofnunar, að allar laxveiðiár landsins séu í áhættu hvar sem eldið er staðsett. Sér þessa þó hvergi merki í frumvarpsdrögunum, þrátt fyrir að það sé alvarleg hugsunarvilla að halda því fram að einvörðungu þær ár séu í hættu sem eru nálægt eldisstöðvunum. Það er nefnilega svo, alveg sama hve hugurinn er góður, að fiskur sem er í opnum sjókvíum mun alltaf sleppa, það er raunar viðurkennt af öllum aðilum, hvar sem menn eru í sveit settir. Þá verða ýmsir sjúkdómar og plágur ávallt vandamál, líkt og t.a.m. laxalúsin. Þá mun úrgangur frá sjókvíaældinu einnig ganga óhindraður út í hið viðkvæma vistkerfi.

5. Eftirlit með fiskeldi verði fært til Fiskistofu

SVFR leggur til að Fiskistofu verði falið að sjá um allt eftirlit með fiskeldisstarfsemi, auk umhverfiseftirlits Umhverfisstofnunar varðandi mengun. Fyrir liggur að Fiskistofa hefur starfsstöðvar víða um land, ólíkt MAST, og sinnti aukinheldur eftirliti allt til ársins 2014 er fiskeldislögunum var breytt. Hefur enda komið á daginn að MAST hefur reynst vanbúin þegar komið hefur að skilvirku eftirliti.

Raunar kemur það fram í frumvarpsdrögunum að MAST hafi ekki farið í allar þær eftirlitsferðir sem stofnunin átti að sinna samkvæmt samningi og því hafi umhverfisstofnun farið í 16 eftirlitsferðir til að halda eftirlitsáætlun og eftirlitsþegar fengu það eftirlit sem þeim bæri. Ljóst má því vera að mun eðlilegra er að Fiskistofa fari með eftirlitið.

6. Mats- og ákvörðunarvald ráðherra.

Það vekur sérstaka athygli hve mikið vald er framselt til ráðherra samkvæmt frumvarpi til laganna, m.a. með setningu stjórnvaldsfyrirmæla. Æskilegra væri að einstök tilvik væru útfærð í lögum í stað þess að það kæmi sífellt í hlut ráðherra að kveða á um ýmis framkvæmdatriði varðandi fiskeldið. Þá vekur það athygli að ráðherra skuli vera falið það vald að ákveða hvaða firði eða hafsvæði skuli meta til burðarþols og hvenær það skuli vera gert, án þess að þurfa að

leita eftir umsögn Hafrannsóknarstofnunar hér um, enda á ráðherra að fara eftir ráðgjöf vísindamanna framangreindrar stofnunar.

7. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsdraganna.

1. gr.

Eðlilegt væri að gerður yrði skýr greinarmunur á eldi í lokuðum kerfum og opnu sjókvíaeldi. Þá vekur það einnig sérstaka athygli að hvergi er í frumvarpinu minnst einu orði á landeldi.

2. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að 2. másl. 3. mgr. falli brott, en í umræddum málslið kemur fram að við setningu reglugerða skuli ávallt leita faglegrar umsagnar þartilgreindra opinberra stofnana, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands fiskeldisstöðva og Landssambands veiðifélaga. Breyting þessi er dæmi um það mikla vald sem framselt er til ráðherra og fjallað er um í lið 6 hér að framan. Hér er um afturför að ræða enda hlýtur það að vera eðlileg stjórnsýsla að leita skuli umsagnar þeirra aðila sem hafa beina hagsmuni af þeirri reglugerð sem verið er að setja. Hvergi má finna því stað í frumvarpinu hvers vegna umsagnarréttur þessi er felldur á brott.

3. gr.

Í 3. gr. er fjallað um skiptingu hafsvæða í eldissvæði, auglýsing og úthlutun þeirra. Hér er enn á ný vald ráðherra aukið til mikilla muna. Athyglivert er að skoða það hvaða aðilar það eru sem fá umsagnarrétt samkvæmt ákvæðinu, en Landsamband veiðifélaga, ýmis náttúruverndarsamtök eru t.a.m. ekki þar á meðal. Þá liggur fyrir að burðarþol og útgáfa leyfa er ekki hagsmunamál eins sveitarfélags þar sem þetta getur varðað mörg sveitarfélög þar sem mengunar og áhrifa fiskeldis í opnum sjókvíum getur gætt víða.

Þá er orðalag og hugtakanotkun að mörgu leyti óskýr, m.a. hvaða sjónarmið það eru sem horfa beri til þegar vísað er til samfélagslegrar ábyrgðar í frumvarpstextanum, sérstaklega þegar fyrir liggur að þess er hvergi að finna stað í reynslu annarra þjóða að fiskeldi í opnum sjókvíum sé unnt að stunda í sátt við náttúruna, sbr. umfjöllun í liðum 2 og 3 hér að framan. Raunar telur SVFR það liggja fyrir að það væri gott dæmi um samfélagslega ábyrgð að færa allt sjókvíaeldi í lokuð kerfi.

Þá er ljóst að uppboðsleið sú er boðuð er að mörgu leyti óheppileg og erfið í framkvæmd, enda liggur fyrir að ekki eru margir um hituna og því mikil hættu á samráði aðila í tilboðsgerðinni. Mun eðlilegra er að setja fast ákvæði um auðlindagjald líkt og tíðkast í Noregi. Þá fellst í síðustu mgr. ákvæðisins enn og aftur of mikið framsal á valdi til ráðherra.

4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsdraganna er m.a. mælt fyrir um það að umsækjandi skuli afhenda MAST bæði umsókn um starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi MAST. Eðlilegra hlýtur að teljast að umsóknir þessar afhendist sitthvorri stofnuninni sem hvor í sínu lagi rannsaki og meti sjálfsætt hvort lagaskilyrði séu uppfyllt.

7. gr.

7. gr. frumvarpsins ber heitið lífmassi frjórna laxa í sjókvíaeldi og hins vegar burðarþolsmat og er breyting á 6. gr. núgildandi laga (verða 6. a. og 6. b.). Hér skal m.a. vísað til liðs nr. 4 í umsögn þessari þar sem fram kemur að SVFR leggist gegn því sem ásættanlegu viðmiði að miða við að allt að 4% innblöndun eldisfisks í stofn villtra laxfiska. Raunar hefur það aldrei verið skýrt hvernig þessi prósentutala var fundin. Það er svo annað mál hvernig eftirlitsaðilar ætla að telja sleppifiskana sem munu synda upp í íslenskar laxveiðiár. Krafa SVFR, sem og raunar allra þeirra er vilja að náttúaran njóti vafans, er sú að innblöndunin verði engin. Það er raunar með nokkrum ólíkindum að veitt sé lagaheimild fyrir því að erfðablanda megi villtan íslenskan lax. Er í þessu sambandi enn fremur vísað til liðar 3 hér að framan, enda liggur skýrlega fyrir reynsla annarra þjóða í þessum efnum, m.a. Norðmanna, en hafa verður einnig sérstaklega í huga að eldi á norskum ræktuðum laxi feli í sér auka áhættu vegna viðbótar erfðafræðilega þátta enda hefur íslenski laxastofnin mjög sérstakt erfðamengi. Raunar hefur hver laxveiðiá á Íslandi sérstaka erfðasamsetningu, en t.a.m. hafa rannsóknir vísindamanna sýnt fram á að erfðasamsetning stofna á Vestfjörðum gefi til kynna að þeir myndi sérstakan erfðahóp.

Þá er það einnig svo að ófrjóum laxi fylgja einnig sjúkdómar, þó hann geti ekki erfðablandast. Burðarþolsmatið snýst ekki bara um erfðablöndun heldur einnig þann skelfilega vágast sem laxalúsinn er sem leggst á alla villta fiska af laxastofni, þ.e. urriða, sjóbleikju og sjóbirting.

Þá vekur það athygli að ráðherra skuli vera falið það vald að ákveða hvaða firði eða hafsvæði skuli meta til burðarþols og og hvenær það skuli vera gert, án þess að þurfa að leita eftir umsögn Hafrannsóknarstofnunar hér um, enda á ráðherra að fara eftir ráðgjöf vísindamanna framangreindrar stofnunar. Eru því gerðar alvarlegar athugasemdir við frumvarpsgrein þessa.

8. gr.

Með hliðsjón af sjónarmiðum um dýravernd væri eðlilegt að bæta inn í drögin málslið um lágmarksviðmið um afföll í framleiðslu.

9. gr.

Með hliðsjón af þeim gríðarlegu hagsmunum sem eru undir í máli þessu, sem og sérákvæða er takmarka eignarhald erlendra aðila, t.a.m. í sjávarútvegi, verður að telja eðlilegt að skoðað verði hvort að setja eigi slíka takmörkun í fiskeldislögin, sbr. einnig með hliðsjón af 11. gr. frumvarpsins. Liggur enda fyrir að stærstu fiskeldisfyrirtæki þau er stunda sjókvíaeldi eru í eigu erlendra aðila. Er þá haft í huga að íslensk náttúra er undir í þessari fyrirhuguðu stóriðju.

11. gr.

Gera verður alvarlegar athugasemdir við því að fyrirhugað sé að gefa út ótímabundin leyfi eða til 16 ára. Er hér raunar um svo stórt mál að ræða að eðlilegt er að kannað verði sérstaklega þau stjórnskipulega álitamál er upp geta komið í tengslum við heimildar til slíkrar ótímabundinnar leyfaútgáfu. Engar eðlilegar skýringar hafa verið færðar fyrir því að lengja þurfi tímann frá núgildandi fiskeldislögum. Þá er eðlilegt að sett sé inn málsgrein er kveður á um að óheimilt sé

að gefa út rekstrarleyfi ef umhverfisáhrif framkvæmdar eru neikvæð að álitum Umhverfisstofnunar, Hafrannsóknarstofnunar eða skipulagsstofnunar.

12. gr.

Athugasemdafrestur við tillögur að rekstrar- og starfsleyfi þarf að breytast úr 4 vikum í fyrra horf með 6 vikna fresti.

14. gr.

Slysasleppingar eru og verða fylgifiskar sjókvíaeldis og því væri eðlilegt að Alþingi myndi kanna sérstaklega hvernig núgildandi 2. mgr. 13. gr. laganna hefur reynst í framkvæmd. Reynslan er hins vegar því miður sú að slysasleppingar hafa ekki verið tilkynntar með fullnægjandi hætti. Þannig hafa skýr merki um erfðablöndun þegar verið greind í sex vatnsföllum í nágrenni eldissvæða á Vestfjörðum, en þetta var tilkynnt af Hafrannsóknarstofnun í ágústmánuði í fyrra. Í tilkynningunni kom jafnframt fram að aldursgreining á blendingum hafi tengt erfðablöndunina við göngur kynþroska eldislaxa í vatnsföll á árunum 2014 og 2015, sem bendi til að erfðablöndunin hafi orðið árið 2012 en líkt og árið 2015 voru samt sem áður engar slysasleppingar laxa úr sjókvíum tilkynntar. Ekki voru heldar tilkynntar slysasleppingar á regnbogasilungi úr sjókvíum á árinu 2016 en engu að síður veiddist slíkur ófögnuður í ám hringinn í kringum landið. Eðlilegra væri að fiskar í opnum sjókvíum væru örmerktir til að unnt væri að rekja uppruna hans og láta rekstrarleyfishafann sæta ábyrgð hafi slysasleppingin ekki verið tilkynnt, enda eru gríðarlegir hagsmunir undir.

15. gr.

SVFR mótmælir því harðlega að fiskeldisfyrirækjum verði heimilt að hafa eftirlit með eigin rekstri, sbr. m.a. ofangreind umfjöllun um 14. gr. frumvarpsins. Það er enda ljóst að fjárhagslegir hagsmunir fiskeldisfyrirtækja og tilkynningar um slysasleppingar eiga ekki samleið, enda geta þeir þá eftir atvikum kallað yfir sig skaðabótaskyldu, misst rekstrarleyfið eða verið gert að greiða sekt. Öll málefnaleg rök hníga í þá átt að Fiskistofu verði falið eftirlit með þeim aðilum sem stunda sjókvíaeldi, sbr. m.a. umfjöllun í lið 5 hér að framan.

16. gr.

Eðlilegra væri að eftirlit það sem mælt er fyrir um í greininni væri hjá Fiskistofu, sbr. liður 5 hér að framan.

17. gr.

Í ljósi þeirrar náttúruváar sem er viðblasandi í sjókvíaeldi er það eðlileg krafa að allar upplýsingar um eftirlit séu birtar opinberlega og að ráðherra sé ekki í sjálfsvald sett að halda vissum upplýsingum leyndum. Raunar takmarkar 17. gr. b. í frumvarpinu að óþörfu rétt almennings skv. lögum nr. 23/2006 um upplýsingarrétt um umhverfisáhrif. Ef vilji stæði til þess að halda einhverjum upplýsingum leyndum væri eðlilegra að þær væru sérstaklega skilgreindar í ákvæðinu.

Þá er mikilvægt að allar upplýsingar um laxalús séu birtar og lögákveðinn verði viðmiðunarmörk laxalúsar sem viðunandi ástands, er í því sambandi vísað til þess að í Noregi eru mörkin 0,2 lýs á hvern fisk, sjá hér einnig þarfar lagabreytingar á lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum.

Þá er með öllu óljóst hvers vegna rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar skulu vera tímabundnar og hvers vegna stofnunin sé skyldug til samráðs við Umhverfisstofnun og MAST. Eðlilegra hlýtur að teljast að sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar séu sjálfstæðir í rannsóknum sínum.

8. lokaorð.

Með vísan til framangreinds skorar SVFR á Atvinnuveganefnd Alþingis að fara frekar í heildarendurskoðun á löggjöf um fiskeldi heldur en að ráðast í óvandaðar og umdeildar breytingar á núverandi löggjöf. Er SVFR reiðubúið til alls samstarfs á þeim grundvelli. Þá óskar SVFR eftir því að koma á fund nefndarinnar og fylgja umsögn þessari eftir.

Virðingarfyllst,

Jón Þór Ólason

Formaður SVFR